

Aðalfundur Foreldrafélags Verslunarskóla Íslands

7.október 2020 kl. 19.45

Fundurinn var sendur út rafrænt á youtube sökum Covid samkomubanns.
Reynt var að flétta saman bæði aðalfund Foreldrafélagsins og skemmtikvöld.
Þar sem 7.október bar uppá Forvarnardaginn voru foreldrar hvattir til að horfa saman á dagskrána með unglíngunum sínum.

Mætt voru í sal:

Agnes Hildur Hlöðversdóttir

Tinna Ösp Arnardóttir

Rakel Svansdóttir

Rannveig Klara Matthíasdóttir- formaður

Jóhanna Áskels Jónsdóttir

Sigríður Stefanía Óskarsdóttir

Hrefna Hallgrímsdóttir - fundarritari

Gunnlaugur E. Björgvinsson nemi á 3.ári - útsendingarstjóri

1.

Formaður, Rannveig, hefur dagskrá.

Fer yfir dagskrá kvöldsins.

- Aðalfundur foreldrafélagsins
- Fyrirlestur Önnu Steinsen frá Kvan
- uppistand Ara Eldjárn

2.

Dagskrá aðalfundarins

-Skýrsla stjórnar frá formanni kynnt

Á yfirstandandi tímabili voru fjöldi rafrænna samskipta og samráðsfunda fulltrúa foreldraráðsins.

Fyrirverandi forseti NFVÍ tók við 300.000 kr styrk til Nemendafélagsins frá Foreldrafélaginu.

Fjölbreyttir viðburðir voru haldnir á vegum félagsins ss. Fræðslukvöld,styrkir og gjafir

Góðar innheimtur voru á félagsgjöldum Foreldrafélagsins.

Gáfum enn fleiri vinninga í Edrúpottinn

Stórkostleg þátttaka foreldra í foreldragæslu á böllum sl vetrar.

Fésbókarsíða foreldrafélagsins er virk í miðlun upplýsinga og samskipta við foreldra og allir foreldrar hvattir til að fylgjast með þar.

3.

Viðfangsefni ársins 2020/2021 verða venjubundin en ávallt opin Foreldrafélagið er ávallt opið fyrir nýjum hugmyndum.

-Öll hefðbundin störf Foreldrafélagsins

-Halda reglulega fundi með stjórnendum skólans

-Efla Edrúpottinn enn frekar

-Veita nemendum enn meiri stuðning í formi fræðslu og tengsla. Námskeið og fræðsla um sjálfsstyrkingu nemenda. Allt í samstarfi við skólann.

-Halda fleiri frábær foreldrakvöld með framúrskarandi fræðslu.

Foreldrafélagið hvetur foreldra til að vera virk og senda ábendingar í gegnum fésbókina með hugmyndum um hvernig félagsgjöldunum sé best varið.

-Engar tillögur að lagabreytingum bárust.

Almennt er kosið í stjórn til tveggja ára í senn.

Stjórn Foreldrafélagsins gefur kost á sér áfram:

Rannveig Klara Matthíasdóttir – formaður

Jóhanna Áskels Jónsdóttir – gjaldkeri

Stefán Guðjónsson

Agnes Hildur Hlöðversdóttir

Dagný Björnsdóttir

Helga Ólafsdóttir

Kristín Skúladóttir

María Kristín Gröndal

Sigríður Stefandía Óskarsdóttir

Soffía Frímansdóttir

Steinunn Jenný Skúladóttir

Tinna Ösp Arnardóttir

Gefa kost á sér:

Hrefna Hallgrímsdóttir – í starf ritara

Rakel Svansdóttir

Skoðurnarmenn reikninga 2020/2021

Gefa kost á sér áfram:

Ólafur Már Ólafsson

Jóna Bergþóra Sigurðardóttir

Gefa kost á sér:

Ingibjörg Arnarsdóttir

4.

Foreldrafélagið hvetur foreldra til að taka þátt. Annað hvort með því að koma í stjórn Foreldraráðsins eða með því að taka þátt í foreldragæslu fyrir skólaböll. Þetta er að sjálfsögðu frábær leið til að kynnast öðrum foreldrum og um leið að vera virkur þátttakandi í lífinu í Versló

5.

Ársreikningur 2019/2020 kynntur

Jóhanna Áskels Jónsdóttir – gjaldkeri

Sjá nánar ársreikning ásamt efnahagsreikningi

6.

Kvan fyrirlesari kvöldsins – Anna Steinsen

7.

Uppistandari kvöldsins – Ari Eldjárn

8.

Útsendingu slitið um kl 21. Rétt tæplega 500 tölvur/skjáir stöldruðu við meðan á útsendingu stóð. Sem gefur vísbindingar um að enn fleiri hafi horft og svo virðist sem þetta hafi mælst vel fyrir.

9. Önnur mál

Ræddar voru áhyggjur af stöðu nemenda í Covid faraldri, þá sérstaklega staða nýnema. Foreldrafélagið hefur áhyggjur af að Versló sé eftirbátur í því að bjóða nýnemum uppá betra

staðnám. Lagt var til að heyra í forráðamönnum skólans og ræða þetta sérstaklega. Fram til 19.október er skólinn lokaður og einungis boðið uppá fjarnám. Vonandi í framhaldinu verði hægt að skoða þessi mál betur og gera breytingar.

Ábending barst til formanns um að Foreldrarfélagið athugaði hvers vegna mötuneyti nemenda byði ekki upp á fjölnota diska, glös og hnífapör. Farið verður í málið og niðurstöður birtar.

Önnur ábending barst um að formaður beitti sér fyrir því að niðurstöður könnunar námsráðgjafa verði sendar beint til foreldra en séu ekki eingöngu inni á heimasíðu skólans. Þessi könnun snertir börnin okkar beint og sjálfsagt að við foreldrar fáum hana senda.

Aðalfundi var slitið um kl 21.40.

Hrefna Hallgrímsdóttir ritari